


Nettengd Biblía fyrir
born kynnrir



Góðir
konungar,
slæmir
konungar



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus; Alastair
Paterson

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2021 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.




Þótt Manesse væri
aðeins 12 ára gamall
þegar faðir hans
Hiskía konungur
dó, þá varð
hann krýndur
sem konungur
yfir Júda.




Hann vissi það ekki þá,
en Manesse átti
eftir að verða
konungur í 55
ár. Til þess að
geta verið góður
konungur, mundi
Manesse þurfa
á Guðs hjálp
að halda.




En Manesse gaf Guði engan
gaum, og gerði það sem illt
var í augum Drottins. Hann
endurbyggði ölturu fyrir
tilbeiðslu á
falsguðum.



Guð hafði sagt í gegnum Móse, "Þú skalt ekki gera þér skurðgoð. Þú skalt hvorki tilbiðja skurðgoð, né dýrka þau."




Manesse stundaði galdur og spákukl.
Hann leiddi fólkið afvega og í burt
frá Guði.




Konungur lét brenna syni sína í
fórnunarskyni til falsguða.

Manesse gerði
margt illt
í augum
drottins,
og vakti
reiði hans.



Vegna óhlýðni Manesse og fólks hans, sendi Drottinn hermenn Assýríukonungs gegn þeim. Manesse var þá tekinn fastur og settur

í hlekki, og síðan sendur til Babýlonar.



Í þjáningum sínum í
Babýlon, Manesse
ákallaði Drottinn.
Hann auðmýkti
sig mjög frammi
fyrir Guði feðra
sinna, og bað
til hans.



Nú mundi hann ekki
lengur tilbiðja dauða
falsguði! En, mundi
hinn eini lifandi Guð
bænheyra hann
eftir öll hans
illvirki?




Jú! Guð heyrði bænir konungs
og lét hann snúa aftur til
Jerúsalem og taka við
konungdómi sínum á ný.
Þá vissi Manesse að
Drottinn er hinn


eini og
sanni Guð.




Manesse konungur var sem nýr
maður. Hann lét nú fjarlægja
líkneskið og falsguðina úr húsi
Drottins í Jerúsalem.



Manesse lét lagfæra
altari Drottins og færði
honum þakkarfórnir.



Síðan gaf Manesse fólkinu
fyrirmæli um að þjóna Drottni,
Guði Ísraels. Þvílík breyting
á einum manni!



Eftir dauða Manesse, varð sonur hans, Amón, konungur. Hann tók up skurðgoðadýrkun og auðmýkti sig ekki fyrir Drottni eins og faðir hans hafði gert.



Þegar Amón jók syndir sínar fyrir Guði, tóku hirðmennirnir konung sinn, og drápu hann. Amón ríkti aðeins í tvö ár.



Næsti konungur, Jósía,
var aðeins átta ára
gamall. Jósía ríkti í
þrjátíu og eitt ár
og gerði það sem
rétt var í augum
Drottins.



Hann lét útrýma
öllum falsguðum
og falsdýrkunum.
Hann lét brjóta
öll líkneski og
skurðgoð mélinu
smærra.



Er Jósía, hinn góði konungur, og menn hans hreinsuðu og lagfærðu musteri Guðs, fann einn presturinn lögmálsbók Drottins, sem hafði verið opinberuð af Móse.



Þegar konungrur heyrði ákvæði
laganna reif hann klæði sín af

hryggð. Jósía vissi
hversu syndsamlegir
forfeður hans
höfðu verið og
óhlýðnir lögum
Guðs.



Spámaðurinn Hulda flutti Jósía
skilaboð frá Guði. "Svo segir
Drottinn, ég mun senda alla
þá bölvun sem skráð er
í bókinni á þennan
stað, vegna þess

að þeir hafa
yfirgefið
mig."



En vegna auðmýktar og hlýðni
Jósía gagnvart Guði, mundi
þetta ekki ske fyrr en
eftir hans dag.





Með Guðs hjálp, tókst Jósía að
laða fólkið aftur til Drottins.

Dag einn, í orrustu
á vígvellinum með
hermönnum
sínum, særðist
hann alvarlega.



Þjónar hans tóku hann til
Jerúsalem og dó hann þar.
Þegnar hans allir,
hörmuðu Dauða
Jósía og minntust
hans í harmljóðum
sínum.






Skömmu síðar leið
konungsríkið undir
lok. En dag einn,
mun annar konungur
ríkja yfir Ísrael.

Nafn hans er
KONUNGUR
KONUNGA OG
DROTTINN
DROTTNA.





Þegar Jesús
Kristur kom í
heiminn, var
honum hafnað og
hann krossfestur.

Þegar Jesús
Kristur kemur
aftur, mun hann
ekki aðeins
verða konungur

Ísraels, heldur alheimsins.



Góðir konungar, slæmir konungar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Síðari Kroníkubók 33-36

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

